

# Rafræn Reykjavík – Frístundakort

## Leiðbeiningar fyrir foreldra



### Ráðstöfunarstyrkur

Upphæð ráðstöfunarstyrks til barna á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Reykjavík er

- **1. september 2007 kr. 12.000.-**
- **1. janúar 2008 kr. 25.000.- þessi upphæð er fyrir allt árið**
- **1. janúar 2009 kr. 40.000.- þessi upphæð er fyrir allt árið**
  
- Forsendur þess að hægt sé að ráðstafa styrknum er að búið sé að skrá barn í tómstund hjá félagi sem er aðili að Frístundakortinu og að félagið sé búið að skrá barnið í frístundakortskerfið í Rafrænu Reykjavík
  
- Meginskilyrði fyrir því að félag geti orðið aðili að Frístundakortinu er að starfsemi þess sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemi þess fari fram undir leiðsögn hæfra leiðbeinanda við aðstæður sem hæfa starfi með börnum og unglingum.
  
- Heimilt er að ráðstafa styrknum til allt að 3 félaga á hverju tímabili. Foreldrum er í sjálfsvald sett hvort þau ráðstafa greiðslu til félags/félaga á þremur tímabilum yfir árið eða ráðstafi allri greiðslunni á einu tímabili.

Tímabilin eru:

- Vor 1. janúar – 31. maí
- Sumar 1. júní – 31. ágúst
- Haust 1. september – 31. desember

### **HVERNIG GET ÉG RÁÐSTAFAD STYRK FYRIR BARNIÐ MITT?**

Ráðstöfun fer fram í Rafrænu Reykjavík sem er rafrænt kerfi borgarinnar fyrir ýmsar umsóknir s.s. í leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, sumarnámskeið ÍTR og frístundaheimili.

Hægt er að komast inn í Rafræna Reykjavík á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) eða á [www.itr.is](http://www.itr.is)

- Skráðu þig inn í Rafræna Reykjavík [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) UMSÓKNIR, Rafræn Reykjavík og í INNSKRÁ. Þar má einnig finna mynd af Frístundakortinu sem hægt er að smella á til að skrá sig inn.
- Eftir innskráningu smellir þú á flippann FRÍSTUNDAKORT
- Veldu RÁÐSTAFNA STYRK
- Veldu nafn barns sem ráðatafa á fyrir úr fellilista. Sé félagið búið að skrá barnið inn í Rafræna Reykjavík á nafn námskeiðs og heildarverð að birtast.
- Skrifðu upphæð ráðstöfunarstyrks í kassa fyrir aftan námskeiðið og smelltu á ÁFRAM.
- Lestu yfir hvort allt hafi verið slegið rétt inn. Séu upplýsingarnar réttar smelltu á STAÐFESTA.
- Ráðstöfunarupphæð birtist félagi um leið og búið er að ráðstafa.
- Ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð til félags en námskeiðið kostar
- Ef upphæð námskeiðs er hærri en er ráðstafað, þarf að greiða mismuninn til félagsins.

### **ATHUGIÐ!**

- **Ráðstöfunarstyrkur er óendurkræfur**
- **Kynnið ykkur vel hjá viðkomandi félagi hvernig ráðstöfun og innheimtu er háttáð**
- **STYRKNUM FYRIR ÁRIÐ 2007 ÞARF AÐ RÁSTAFNA FYRIR 10. DESEMBER 2007**

Á heimasíðu ÍTR [www.itr.is](http://www.itr.is) má finna “Reglur og skilyrði Frístundakortsins” og lista yfir alla samstarfsaðila.

Hafir þú einhverjar spurningar eða athugasemdir, vinsamlegast sendið þær á [fristundakort@itr.is](mailto:fristundakort@itr.is) eða hafið samband við Símaver Reykjavíkurborgar í síma 4111111. Hafi fólk ekki aðgang að tölvum er hægt að fá aðstoð við ráðstöfun á þjónustumiðstöðvum borgarinnar.